

# Gróðurathuganir á nokkrum svæðum á veglínu frá Vegaskarði að Langadalsá

Guðrún Á. Jónsdóttir


Unnið fyrir Vegagerðina á Austurlandi

## Efnisyfirlit


INNGANGUR.....	1
GAGNASÖFNUN .....	1
NIÐURSTÖÐUR .....	2
Við Skarðsá .....	2
Við Skarðshrygg .....	2
Við stöð 16000 - 16100.....	2
Við Langadalsá .....	3
UMRÆÐA .....	3
Gróðurlendi .....	3
Tegundir .....	4
HEIMILDIR .....	4

## Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gróður skoðaður á nokkrum stöðum á fyrirhuguðu vegarstæði frá Vegaskarði að Svartfelli. Gróður var skoðaður nálægt stöð 15000 við Skarðshrygg, stöð 13500 við Skarðsá, nálægt stöð 16000 og nálægt stöð 22000 við Langadalsá (Myndir 1 og 2). Vegagerðin hafði beiðið um umsögn um gróður á þessum svæðum en ekki nákvæma úttekt eða fullkomna kortlagningu. Í þessari skýrslu er gróðri lýst, gerð grein fyrir helstu gróðurlendum og algengustu tegundum. Einnig er gerð grein fyrir hvort gróðurlendi teljist sérlega verðmæt eða sérstök og hvort fundist hafi sjaldgæfar tegundir á svæðunum.



Mynd 1. Athugasvæðið



Mynd 2. Yfirlitsmynd–Gróður var skoðaður á fjórum stöðum á veglínu frá Vegaskarði að Svartfelli.

## Gagnasöfnun

Gróður var skoðaður 18. júní 2003 í góðu veðri og við góðar aðstæður. Við gróðurskoðun voru skráðar lýsingar á gróðurlendum og gerður listi yfir helstu plöntutegundir sem sáust.

Gróður var sæmilega sprottinn þar sem snemma voraði, víðir laufgaður og grös yfirleitt þekktanleg og blómplöntur í blóma. Það var því auðvelt að sjá hvaða gróðurlendi er að finna á svæðunum og lýsa helstu einkennum þeirra. Það má hins vegar gera ráð fyrir að tegundalisti sem gerður var sé frekar ófullkomin og hvergi nærri tæmandi vegna þess hve snemma á sumrinu gróðurskoðunin var gerð. Farið var yfir eldri skráningar á tegundum í reitum þeim sem ná yfir fyrirhugað vegarstæði (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt).

## Niðurstöður

### Við Skarðsá


Við Skarðsá (u.þ.b. stöðvar 13500-13600) er víðimói, frekar gisin, á sendnu og frekar þurru undirlagi. Helstu tegundir eru grávíðir, túnvingull og hrossanál á blettum sem bendir til að raki sé einhver á svæðinu. Aðrar algengar tegundir á svæðinu eru: grasvíðir, skriðlíngresi, hárleggjastör, sýkigras og rauðstör (Mynd 3).

### Við Skarðshrygg

Vegarstæðið liggur um gróðurlendi á nokkru bili (u.þ.b frá stöð 14600 – 15000). Þetta er aflangt gróðurlendi með melöldum á báða vegu og bökkum eða börðum í jöðrunum en víðimóum og votlendi á milli. Á jöðrum svæðisins er melgresi og þurrar víðiflesjur mest áberandi, en á milli eru til skiptis votlendi og hálfdeigir víðimóar (Mynd 3).

Sunnan til og um miðbik svæðisins eru all margar litlar tjarnir, flestar grunnar. Á milli tjarnanna er sendið deiglendi ýmist fremur slétt eða smáþýft. Sums staðar er rof í þúfnakollum og gróðurþekja talsvert brotin en annars staðar er flatara og gróður samfelldari. Gróðurþekja er þó hvergi þétt nema þar sem blautast er. Helstu tegundir á þessum svæðum milli tjarnanna eru grávíðir, krækilyng, hrossanál og holtasóley. Einnig voru mosar, m.a. snjómosi, fléttur og ýmsar blómplöntur. Við tjarnirnar eru ýmist lágir bakkar þar sem mýrargróður er ríkjandi og myndar kraga um tjörnina, eða brattari bakkar þar sem hálfdeigur víðimóinn nær alveg að tjörninni. Algengar tegundir í mýrarkraga kringum tjarnir eru mýrastör, klóffífa, hengistör og hálmgresi.


Norðan til og vestan til í gróðurlendinu er ræma af þýfðu mýrlendi þar sem mýrargróður er talsvert gróskumikill (við stöðvar 14800 –14900). Þar eru mjög grunnar smátjarnir eða keldur vaxnar fífu og stór. Algengar tegundir þar eru mýrastör, klóffífa, hengistör og hálmgresi. Lófótur vex sums staðar í grunnnum pollum og tjörnum. Á þurru svæðunum næst jöðrunum eru grávíðir, melgresi, túnvingull og krækilyng algengustu tegundir og á köflum er bláberjalyng og stinnastör.



Mynd 3. Við Skarðsá og Skarðshrygg.

## Við stöð 16000 - 16100


Á þessu svæði er dálítið gróðurlendi á sendnu undirlagi. Það eru aðallega melgresisbreiður og grávíðimóar. Svæðið er allt frekar þurrt en hrossanál er þó áberandi í dæld á svæðinu sem bendir til að þar sé einhver raki (Mynd 4). Gróður er alls staðar fremur gísinn og undirlagið mjög sendið. Melgresið er áberandi einkum við jaðar gróðurlendisins en annars er grávíðir mest áberandi. Aðrar algengar tegundir eru túnvingull, hrossanál á dálítilli ræmu og svo ýmsar blómplöntur.



Mynd 4. Við stöð 16000 -16100

## Við Langadalsá

Nálægt núverandi þjóðvegi (u.þ.b. við stöð 21920) er deiglendisblettur. Helstu tegundir þar eru hrossanál og gras, aðallega hálmgresi. Síðan kemur hálfgróin melur eða mold (stöð 22000) þar sem helstu vaxa grös og blómplöntur svo sem túnvingull, lambagrass, melablóm og geldingahnappur. Á bökum Langadalsárinnar (stöð 22100) er gróðurræma sem samanstendur af gisnum hálfgrökum móa þar sem helstu tegundir eru grávíðir, grasvíðir, túnvingull ásamt ýmsum blómplöntum. Aðrar algengar tegundir eru hrossanál, krækilyng, hálmgresi, skriðlíngrasi og ýmsar blómjurtir. Talsvert ber á snjómosa (Mynd 5).



Mynd 5. Við Langadalsá

## Umræða

### Gróðurlendi

Við Skarðsá og Langadalsá fer vegarstæðið um sendnar áreyrar með frekar gisnum gróðri. Helsta gróðurlendi er víðimói blandaður graslendi, krækilyngi eða hrossanál. Við stöð 16000 er einnig fremur þurrt og mjög sendið. Þar er víðimói blandaður grasi, ræma af rakari víðimóa með hrossanál og melgresistoppar.

Við Skarðshrygg er meiri fjölbreytni. Þar eru víðimóar blandaðir grasi sem mynda kraga um gróðurlendið. Í miðju gróðurlendisins mynda blettir af mýrlendisræmum og rökum víðimóum nokkurs konar mósak. Á milli eru litlar tjarnir. Svæðið er fjölbreyttara en flestar þar litlu gróðurvinjar sem finna má á þessum slóðum þótt gróðurlendin séu ekki mjög fjölbreytt á landsmælikvarða.

Ekki er um sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi að ræða á þeim stöðum sem skoðaðir voru. Þó má telja að allar gróðurvinjar á svo gróðurlitlu svæði sem um ræðir hljóti að hafa talsvert gildi t.d. sem fræuppspretta og geymslustaður þess líffræðilega fjölbreytileika sem þar er að finna, og því meira gildi sem svæðin eru stærri og fjölbreyttari. Svæðið við Skarðshrygg er stærst og fjölbreyttast ef þeim svæðum sem skoðuð voru og þar er nokkurt fuglalíf (Skarphéðinn G. Þórisson 2003).

Gróðurþekja er yfirleitt frekar gisin á þessum svæðum jafnvel þótt hún sé órofin. Á sumum stöðum sem skoðaðir voru er gróðurþekja líka rofinn t.d. í börðum í jaðri svæðisins við Skarðshrygg og við stöð 16000. Einnig var þar sums staðar rof í þúfum. Gróska er einnig fremur lítil nema á votlendisræmum við Skarðshrygg þar sem gróska er tölverð. Jarðvegur er alls staðar mjög sendinn og því má búast við að rask í gróðurþekju geti leitt til frekara rofs.

## Tegundir

Tegundafjölbreytni er talsverð við Skarðshrygg a.m.k. miðað við hversu hátt svæðið liggur og hversu snemma það var skoðað. Alls voru skráðar þar um 40 tegundir í gróðurskoðun 18. júní 2003. Á hinum svæðunum fundust færri tegundir enda eru þau minni og fábreyttari (sjá viðauka). Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem settar hafa verið á valista (Náttúrufræðistofnun 1996). Hvítstör fannst við Skarðsá og Langadalsá. Hún er fremur sjaldgæf nema til fjalla norðanlands þar sem hún finnst allvíða. Ekki fundust í gagnagrunni eldri skráningar á sjaldgæfum eða friðlýstum tegundum, í þeim reitum þar sem athugunarsvæðin liggja (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt).

## Heimildir

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntubandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II.

Örn og Örlygur, Reykjavík.

Landmælingar Íslands 1990: *Atlasblöð, blað 93, Möðrudalur* (1:100.000)

Loftmyndir ehf. 2000: Loftmyndir af svæðinu frá Vegaskarði að Svartfelli.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Valisti 1. Plöntur*. Reykjavík

Náttúrufræðistofnun Íslands. Óbirt. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna. Upplýsingar frá nóvember 2001.

Skarphéðinn G. Þórisson 2003. Athugun á fuglum með veglínunum frá Vegaskarði að Svartfelli norðan Möðrudals 24. júní 2001. Náttúrustofa Austurlands. NA-030049.

Tegundir sem fundust við gróðurskoðun á svæðum við veglínu frá Vegaskarði að Langadalsá, 18. júní 2003.

1 = Við Skarðsá, 2 = við Skarðshrygg, 3 = við stöðvar 16000-16100, 4 = við Langadalsá.

Nafngifitir plantna: Hörður Kristinsson (1986).

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	1	2	3	4
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>			X	
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>				X
Bjúgstör	<i>Carex maritima</i>		X	X	
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>		X		
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>		X		
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>				X
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>				X
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>		X		
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>		X	X	X
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	X	X		X
Grávíðir	<i>Salix callicarpea</i>	X	X	X	X
Grávorblóm	<i>Draba incana</i>			X	X
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>		X		
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	X	X		X
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>		X		
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>		X		
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>		X		
Holurt	<i>Silene uniflora</i>		X	X	
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>	X	X	X	X
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>		X	X	X
Hvítstör	<i>Dryas octopetala</i>	X			
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	X	X	X	X
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>		X		
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	X	X		X
Krækilyng	<i>Dryas octopetala</i>	X	X		X
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>		X	X	X
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>		X	X	
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	X	X	X	
Lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>		X		
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>			X	
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>		X		
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>		X	X	
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>		X	X	
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>			X	X
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>		X		
Mýrafinnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>		X		
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>		X		
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>				X
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>		X		
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>		X		X
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>		X		
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>		X		X
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	X	X	X	

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	1	2	3	4
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>				X
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>		X		
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>			X	
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>		X	X	X
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>		X	X	X
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>			X	
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>		X		
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>		X	X	X



## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 740 Fjarðabyggð Sími 477-1774 Fax 477-1923 Netfang: [na@na.is](mailto:na@na.is)  
Miðvangi 2 700 Egilsstaðir Sími 471-2813 Netfang [na@na.is](mailto:na@na.is)